



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Batteríið ehf  
Borghildur Sölvey Sturludóttir,  
arkitekt fái  
Trönuhrauni 1  
220 Hafnarfjörður

Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

(+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 12. nóvember 2007  
Tilvísun: UST20071000010/ksj

## **Indriðastaðir í Skorradal - deiliskipulag golfvalla**

Vísað er til erindis Batterísins fyrir hönd landeigenda á Indriðastöðum, sem barst Umhverfisstofnun þann 02.10. síðastliðinn, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í landi Indriðastaða. Breytingin felst í því að 9 holu golfvöllur sem nú er í landi Indriðastaða verður alls 27 holu golfvöllur. Svæðið sem golfvöllurinn nær yfir stækkar úr 29,9 hekturum í 85,9 hektara, þ.e. stækkar um 56 hektara. Í greinargerð með tillögu að breyttu deiliskipulagi kemur fram að það land sem ætlað er undir golfvöllinn sé ýmist gamalgróin tún, eldri tún sem farin eru í órækt, óræktað lækjargil og óræktaðir melar.


### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við þá tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem felur í sér að 56 hektarar eru teknir úr landbúnaðarnotkun og breytt í opið svæði til sérstakra nota. Umhverfisstofnun minnir á að votlendi sem er stærra en 3 hektarar nýtur sérstakrar verndar sem vistkerfi samkvæmt 37. grein laga um náttúruvernd 44/1999, en þar segir "*Sérstök vernd. Eftirtaldar (jarðmyndanir og vistkerfi) njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun peirra eins og kostur er.: a. Eldvörp, gervigigar og eldhraun b. Stöðuvötn og tjarnir, 1000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri, c. Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri.*"


Umhverfisstofnun undirstrikar að þar sem votlendi er raskað, þá sé það gert á þann hátt að það sé endurkræfanlegt. Umhverfisstofnun tekur undir það að mikilvægt er að allar framkvæmdir falli vel að landslagi svæðisins. Einnig er mikilvægt að skógi sé raskað sem minnst en í Skorradal er mikið um upprunalegan birkiskóg, og samkvæmt stefnumörkun stjórnvalda "Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020." En þar segir: "Mótuð verði stefna um endurheimt upprunalegra vistkerfa s.s. birkiskóga." Einnig eru ákvæði um verndun skóga í 39. grein laga um náttúruvernd 44/1999.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hversu lengi hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Helgi Jensson  
Forstöðumáður